

781. stjórnarfundur UMSE haldinn í Búgarði miðvikudaginn 11.apríl 2018 kl. 19:30

Mættir eru: Einar, Þorgerður, Sigurður, Kristlaug, Ásdís, Edda Kamilla

Boðuð forföll: Hólmfríður, Björgvin og Guðrún.

1. Fundur settur.
Sigurður setti fundinn kl. 19:30
2. Fundargerð síðasta fundar.
Engar athugasemdir gerðar við síðustu fundargerð

Ný stjórn kynnti sig – sagði frá hvaða aðildarfélagi hver stjórnarmaður kom.

3. Innsend bréf.
 - ✓ TKÍ – ársþing
Lagt fram til kynningar fyrir stjórn – þingið verður ekki sótt að þessu sinni.
 - ✓ TBÍ – ársþing
Lagt fram til kynningar, eigum tvo fulltrúa á þetta þing. Heyra á í Umf.Samherjum hvort þeir hafi áhuga á að senda fulltrúa á þingið.
 - ✓ Gunnar Gunnarsson ungmenna skipti.
Gunnar Gunnarsson, stjórnarmaður UMFÍ, hefur verið í samskiptum við Íra um að hafa ungmenna skipti í gegnum Evrópu unga fólksins. Áframsendi hann bréf til UMSE til að athuga áhuga fyrir því að fara í þetta verkefni. Ekki verður farið í þetta að svo stöddu.
4. Styrkumsóknir.
Engar styrkumsóknir bárust.
5. Önnur mál
Unglingalandsmót UMFÍ – Þorlákshöfn.
Það þarf að kynna unglíngalandsmót fyrir krökkum, virðist ekki vera mikill áhugi fyrir því. Þarf einhvern veginn að kynna unglíngalandsmótið, jafnvel að fara inn í skólana á svæðinu og kynna ULM.
Ásdís ætlar að athuga með kynningar í skólunum.
Jafnvel vera með unglíngabúðir í sumar þar sem greinar ULM verða kynntar. Fá samstarf við aðildarfélög til að kynna greinarnar.

Ásdís kom aðeins inn á fargjöld hjá Air Iceland Connect. Búið er að breyta samningum hjá ÍSÍ og þarf að vera meiri fyrirvari heldur en hefur verið til að fá fargjaldið á kjörum ÍSÍ. Halda á utan um ferðakostnaðinn ef um skyndiferðir til Reykjavíkur verður að ræða.

Stefna nýrrar stjórnar.

Sigurður kom aðeins inn á að starf UMSE hefur aðeins dalað síðustu árin. Reynum að auka starfið, fara jafnvel til aðildarfélaganna og funda á þeirra heimaslóðum. Fá aðildarfélög með á þá fundi og kynna framkvæmdarstjóra fyrir þeim sem kom til starfa síðastliðið haust.

Einnig kynna betur fyrirmyndarfélag fyrir aðildarfélögum og hvetja þau til að sækja um.

Þinggerðin – búið var að senda hana út á stjórnarmeðlimi. Samþykkt án athugasemda.

Umf. Samherjar og Umf. Æskan eru að halda Íslandsmeistaramót í unglina í borðtennis á Hrafnagili um komandi helgi. Vonast er til að ná 16 keppendum héðan af svæðinu.

Vorfundur UMFÍ verður haldinn í Skagafirði 5. og 6. maí nk.

6. Tilhögun næsta fundar.

Rætt hvenær best sé að halda fundi.

Ákveðið að næsti fundur verði haldinn 14. maí nk. 17:45.

Sigurður ætlar að koma með veitingar.

7. Fundarslit.

Sigurður sleit fundi kl 21:00.

Kristlaug María Valdimarsdóttir, ritari

Sigurður Eiríksson, formaður